



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

646. stjórnarfundur þriðjudaginn 21. október 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Örn Arnarson og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Guðmundur Steinarsson, Jónína Steinunn Helgadóttir og Stefán Guðjónsson.

1. Blakdeild

Framkvæmdastjóri, fjármála- og skrifstofustjóri og gjaldkeri ætla að hitta stjórn deildarinnar og fara yfir hennar mál.

2. Skatturinn

Formaður og framkvæmdastjóri fóru á fund með formönnum 32 félaga sem eiga lið í efstu deildum í handknattleik, knattspyrnu, körfuknattleik og fulltrúum frá Deloitte. Gjaldkeri fundar með formönnum og gjaldkerum körfuknattleiks- og knattspyrnudeildar um þessi mál.

3. Sambandsþing UMFÍ

Einar Haraldsson fyrrverandi formaður Keflavíkur hlaut æðstu viðurkenningu UMFÍ, heiðursfélagi UMFÍ. Við óskum honum innilega til hamingju.

Á þinginu var m.a. rætt um tekjur af Lottó og hvernig svæðisskrifstofur eru að nýttast íþróttahreyfingunni. Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri var kosinn í varastjórn UMFÍ.

4. Fræðsludagur í næstu viku

Fræðsludagur verður fimmtudaginn 29. október frá kl. 17 – 19. Dagskrá er tilbúin og er búið að senda hana á allar stjórnir deilda og þjálfara. Ákveðið að framkvæmdastjóri ásamt íþróttastjóra og fjármála- og skrifstofustjóra hringi í alla þjálfara og allt stjórnarfólk og minni fólk á að skrá sig á fræðsluna.

5. Körfuknattleiksdeild – nýr rekstrarstjóri

Kristín S. Þórarinsdóttir rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar kom á fundinn og átti samtal um starfið. Hún kemur að ýmsum málum og má þar nefna samskipti við KKÍ, styrki til deildarinnar, utanumhald varðandi erlenda leikmenn, þvott á búningum, innheimtu á stuðningsmannakortum, félagaskipti o.fl.

Kristín er að skoða verkaskiptingu með stjórnarfólki til að gera starfið skilvirkara. Það var dapurt að sjá á eftir mörgum ungmennum fara frá félaginu í sumar og þarf að læra

af því og halda betur utan um unga fólkið. Því miður er staðan sú að hætta varð við þátttöku í 11. fl. drengja og 12 fl. kvk. þennan veturinn. Græja þarf samninga við leikmenn áður en fólk fer í sumarfrí.

Haldnir voru foreldrafundir nú í haust og gengu þeir vel. Birgir Már framkvæmdastjóri sagði frá því að það þurfi að skila inn sakavottorði fyrir þá sem halda utan um hópa á mótum. Hjördís íþróttastjóri ætlar að sjá um búningamál fyrir meistaraflokkana.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. nóvember kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.